

HALLSTEINN SIGURÐSSON

Kúla, pýramídi og skel
Samtal við Ásmund

ÁSMUNDARSAFN
THE ÁSMUNDUR SVEINSSON SCULPTURE MUSEUM

APRÍL — MAÍ 1997



Maðurinn verður ekki mikill af stílnum heldur stillinn af maninum.
Ásmundur Sveinsson

Um ryðgaðar járnmyndir:

Þær eru vonandi ekki eins vondar og þær líta út fyrir að vera. Mark Twain sagði:
„Tónlist Wagners er betri en hún hljómar.“

Kúla, pýramídi og skel

Samtal við Ásmund

Tveir myndhöggvarar höfðu mikil áhrif á mig þegar ég var ungur byrjandi, annar var Ásmundur Sveinsson en hinn var Englendingurinn Anthony Caro. Ásmundur föðurbróðir var fyrsti kennari minn, hann var ákveðinn gagnrýnandi og fyrir það er ég honum ævinlega þakklátur. Fyrstu minningar mínar um heimsókn til Ásmundar og Ingrid eru úr jólaboði og var ég þá ekki meira en þriggja eða fjögurra ára. Ég man einkum eftir bergmáli í Kúlunni þegar dansað var kringum jólatréð og sungið. Ég varð hræddur og forðaði mér, sat í næstefstu tröppu í stiganum og horfði á gagntekinn og undrandi. Ég var sendur nfu ára í sveit til föðurbræðra minna í Borgarfirðinum og þá ætlaði ég að verða gullsmiður og sagði öllum í Borgarfirðinum að ég ætlaði að smíða úr gulli þegar ég yrði stór, en það hefur reyndar ekkert orðið úr því. En kynni okkar Ásmundar hefjast ekki fyrr en í byrjun árs 1962 fyrir 35 árum og var ég þá byrjaður að gera myndir í leir. Það var



mikill samgangur milli bræðranna sem bjuggu hér fyrir sunnan, föður míns Sigurðar, Hallsteins og Ásmundar. Pabbi og Hallsteinn báru mikla virðingu fyrir öllu sem Ásmundur gerði en töluðu alltaf um „kallinn“ og spurðu hvor annan: „Hvað er kallinn að gera?“ eða „Hvernig hafði kallinn það?“ En þegar ég fór að gera myndir lækkuðu þeir róminn og sögðu: „Nei, þetta er mynd eftir strákinn,“ og þegar fram liðu stundir töluðu þeir um myndir eftir „kallinn“ og „strákinn“.

Ásmundur spurði mig alltaf margra spurninga og ég skil það eftir á hvað honum var annat um velferð mína. Hann sagði gjarnan: „Þetta er allt undir þér sjálfum komið.“

Ásmundur hafði afskaplega frjóan huga og var mikill samræðumaður og lá hátt rómur, það fóru margir fullir bjartsýni af hans fundi. Hann var sögumaður góður og margir heilluðust af honum þegar hann sagði sögur, hann gerði varla nokkra mynd öðruvísi en að henni fylgdi einhver saga. Um myndina Eva yfirgefur Paradís sagði hann: „Ég trúir því ekki að Eva hafi yfirgefið Paradís þegjandi og hljóðalaust.“ Hann gerði Evu beina í bakinu og greinilega ákveðna konu.

Í blaðaviðtali segir Ásmundur: „Það skapar enginn neitt án lífsgleði, það skapar enginn neitt í fýlu. Listin verður að tendrast af gleði og lífsfögnuði. Það er mín stefna. Myndhöggvarar sem taka sig of háttíðlega fara í taugarnar á mér.“ Á öðrum stað segir hann: „Myndhöggvarar hugsa fyrir horn, málarinn hugsar á fleti.“ Þetta er afskaplega einföld og góð útskýring á því hvernig myndhöggvarar hugsa.

Hallsteinn Sigurðsson



Hallsteinn Sigurðsson

Fæddur 1. apríl 1945,

Yztaseli 37, Reykjavík

Sími: 557 7245

Nám:

1963 -1966	Myndlista- og handíðaskólinn í Reykjavík
1966 -1972	Nám í London
1966 -1967	Hornsey College of Art
1967 -1969	Hammersmith College of Art
1969 -1972	St. Martin's School of Art
1972 -1973	Námsferðir til Ítalíu og Grikklands
1973 -1974	Námsferðir til Bandaríkin
1974 -1975	Námsferðir til Ítalíu og Grikklands

Sýningar:

Einkasýningar í Reykjavík, Ásmundarsal 1971 og 1972, að Korpúlfsstöðum 1975, FÍM salnum 1980, á Kjarvalsstöðum 1981, 1983, 1988 og 1991, í Listasafni ASÍ 1995, Ásmundarsafni 1997 og á Akureyri 1987. Þátttaka í haustsýningum FÍM 1963, 1965, 1974-1980, útisýningum á Skólavörðuholti 1967 og 1968, samsýningum Myndhöggvarafélagsins 1974, 1978, 1979, 1985, 1989 og 1993 og í sýningunni Ungir myndlistarmenn, Kjarvalsstöðum 1973. Einnig þátttaka í sýningunni Young Artists 1973, New York, 18 íslenskir myndlistarmenn í Bergen 1975, og í útisýningunni Nordisk skulptur, Sveaborg, Finnlandi 1978, Middelheim Biennal í Antwerpen, Belgíu 1979, sýningu norskra myndhöggvara í Osló 1980, sýningu á Álandseyjum 1982, útimynd sýnd í Osló 1986 og sýning í Eidfjord í Noregi 1993.


Verk í eigu ýmissa aðila:

Fjórar myndir í Listasafni Íslands, sex myndir í eigu Reykjavíkurborgar og sjö í Listasafni Borgarness, tvær útimyndir settar upp 1973 og 1980 í Borgarnesi. Gerði veggmynd fyrir Vistheimilið að Vífilstöðum 1973, mynd í Öndverðarnesi, Grímsnesi 1978, minnismerki látinna sjómanna á Húsavík 1981, veggmynd fyrir Menntaskólann á Ísafirði 1982, mynd í landi Brennistaða í Borgarhreppi 1986, mynd sett upp við húsnaði aldraðra við Bólstaðarhlíð 1988, myndir settar upp á Seltjarnarnesi og á Keldnaholti 1989 og mynd sett upp við Öldusels-skóla 1990. Minnisvarði um Sturlu Þórðarson í Búðardal 1992 og minnisvarði um afa og ömmu í landi Eskiholts Borgarhreppi 1992.

Litlar myndir:

Mynd fyrir Stjörnumessu Dagblaðsins 1978, Þór fyrir samkeppni barnakóra 1978, tillaga að altaristöflu fyrir Kópavogskirkju 1983, Málmsteypari fyrir Hellu h.f. 1983, Steinsmiðir fyrir S. Helgason og B.M. Vallá 1983, mynd fyrir Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu 1984, Heimdallur fyrir Bókaklúbb AB 1984, merki fyrir Landhelgisgæsluna 1985, mynd af Hallveigu Fróðadóttur fyrir stúkuna Hallveigu 1986, mynd í minningu um Brák 1986, mynd í minningu um Sturlu Þórðarson 1986 og mynd fyrir Íslensku hljómsveitina 1988.

Árið 1988 var mér úthlutað einum og hálfum hektara lands fyrir myndir upp í Gufunesi, þar eru 26 myndir.



ÁSMUNDARSAFN

THE ÁSMUNDUR SVEINSSON SCULPTURE MUSEUM

V/SIGTÚN 105 REYKJAVÍK

Stjórn Ásmundarsafns/*The board of The Ásmundur Sveinsson Sculpture Museum*: Guðrún Jónsdóttir, formaður/*Chairman*, Ásdís Ásmundsdóttir, Helgi Pétursson, Jóna Gróa Sigurðardóttir. Forstöðumaður Listasafns Reykjavíkur/*Director of the Reykjavík Municipal Art Museum*: Gunnar B. Kvaran. Ljósmyndun/*Photography*: Kristján Pétur Guðnason. Þakkir fyrir aðstoð/*Thanks for assistance*: Gunnar Árnason myndhöggvari. Yfirllestur handrits/*Proofreading and editing*: Mördur Árnason. Hönnun sýningarskrár/*Catalogue design*: Þorbjörg Br. Gunnarsdóttir. Prentun/*Printing*: Grafík hf.